

Nd. **310. Frumvarp til laga** [161. mál]
um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.

Flm.: Pálmi Jónsson, Páll Pétursson, Eyjólfur Kon. Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins í Siglufirði fyrir það verð, sem um semst, eða að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórn Húseininga h/f í Siglufirði hefur einróma óskað eftir því, að aflað verði heimildar Alþingis fyrir ríkisstjórnina til þess að selja fyrirtækinu húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins þar í bænum.

Húseiningar h/f reka starfsemi sína í þessu húsnæði og hafa það á leigu til þeirra nota. Fyrirtækið er í örum vexti, en býr, eins og framangreint ber með sér, við öryggisleysi hvað húsnæði snertir. Auk þess torveldar þetta öryggisleysi eðlilega fyrirgreiðslu fjárfestingarlánasjóða til fyrirtækisins.

Það skal tekið fram, að frv. er flutt í samráði við og með samþykki Ragnars Arnalds, sem á sæti í efri deild.